



Tegund eignar : Sérhæð

Bæjarfélag / Hverfi :
Villamartin

Izóna : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 2

Baðherbergi : 2

Byggingarár : 2022

Sundlaug : Í sameign

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar : 75,22 m²

Stærð verandar : 18 m²

Flugvöllur : 41 min

Strönd : 9 min

Borg : 12 min

Golf : 5 min

- ✓ Geymsla
- ✓ Heimilistæki

- ✓ Hiti í gólfi
- ✓ Húsgögn fylgja með

- ✓ Verönd
- ✓ Innbyggð loftkæling

Aðeins ein eign eftir og með henni fylgja húsgögn og heimilistæki!

Þessi bjarta og glæsilega 75,22m² sérhæð er með 2 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum, 18m² svalir og 72m² garð auk bílastæðis í kjallara.

En þess má jafnframt geta að í eigninni er hiti í gólfum og því ætti engum að verða kalt að tipla á gólfunum snemma að vetrar morgni, áður en sólin kemur upp og yljur upp allt sem á vegi hennar verður. Íbúðin er staðsett nálægt Villamartín golfvallarins, í aflokaðri íbúðarbyggð þar sem er einstaklega rúmgott og fallegt sundlaugar-, og garðsvæði. Einungis 5 mínútna keyrsla er á 18 holu golfvöllinn Villamartín, þar sem njóta má óviðjafnanlegs útsýnis hvort sem er við að iðka golf íþróttina eða tylla sér á fallegan útsýnisbar og njóta þess að hlusta á fagur litaða páfagukana kvarka allan ársins hring.

Fyrir náttúru unndur er jafnframt vinsælt að labba eða hjóla eftir vatnssíkinu "el canal" sem liggur sem landamerki nálægt húsinu, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarsvæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrömaða Torrevieja spítala sem er í 15 mínútna ökuferð að heiman. Og fyrir sólarunndur þá ertu í einungis nokkurra mínútna ökuferð frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!